

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti  
urn@urn.is

Reykjavík, 2. febrúar 2026

**Efni: Umsögn Samorku um frumvarp til laga um stjórn vatnamála, mál í samráðsgátt nr. S.254/2025**

## 1. Inngangur

Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi, þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn um frumvarp til laga um stjórn vatnamála.

Tilskipun Evrópusambandsins um stefnu í vatnamálum, nr. 2000/60/EB, er einhver umfangsmesta löggjöf og stjórnsýsla sem fram fer á vegum Evrópusambandsins. Með tilskipuninni var innleitt heildsætt stjórnunarkerfi fyrir stjórn vatnamála í Evrópu og sett metnaðarfull tímasett markmið til að tryggja gott ástand vatns. Í apríl 2025 gaf Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) út mat á innleiðingu vatnatilskipunarinnar á Íslandi. Líkt og rakið er í frumvarpinu eru ýmsar athugasemdir gerðar við innleiðinguna á Íslandi og ljóst virðist að lögin frá 2011 hafi í raun aldrei komið að fullu til framkvæmda. Frumvarpinu er að einhverju leyti ætlað að taka á þessu.

Í frumvarpinu er að finna ýmis ákvæði sem horfa til bóta og stuðla að skýrari innleiðingu á tilskipuninni. Að öðru leyti er þó gengið of langt í frumvarpinu og gerir Samorka sérstaklega fyrirvara við eftirfarandi atriði:

- Dregið er úr samráði við atvinnulíf og hagsmunaaðila.
- Óljós og íþyngjandi ábyrgð er lögð á leyfishafa í tengslum við umhverfismarkmið vatnshlota.
- Skortur er á samræmi við breytingar og uppfærslur sem orðið hafa á evrópski löggjöf til að taka á þeim vandkvæðum sem fylgt hafa vatnatilskipuninni og þeim íþyngjandi áhrifum sem hún hefur á atvinnulíf, sveitarfélög og borgara. Til að mynda er ekki gert ráð fyrir því í lögunum að grænar orkuframkvæmdir teljist í þágu brýnna almannahagsmuna við mat á undanþágu samkvæmt 19. gr.
- Skilgreiningar eru víða óljósar og ekki í samræmi við vatnatilskipunina og leiðbeiningaskjöl Evrópusambandsins sem *eykur hættu á of íþyngjandi innleiðingu* og gerir túlkun og framkvæmd laganna ófyrirsjáanlega og erfiða í framkvæmd.
- Tryggja verður með skýrum hætti að nýting jarðhita falli utan gildissviðs laganna eins langt og leyfilegt er.
- Tillögur um að takmarka gildistíma virkjunarleyfa og nýtingarleyfa eru ekki í samræmi við kröfur í tilskipuninni, ganga of langt og vega að rekstrarumhverfi vatnsafls og jarðvarma.
- Áhrifamat fylgir ekki frumvarpinu. Ljóst er að full innleiðing á tilskipuninni eins og gengið er út frá í frumvarpinu *mun reynast gríðarlega kostnaðarsöm fyrir íslenskt hagkerfi*. Engin tilraun er gerð til að varpa ljósi á það hver kostnaðurinn verður af framfylgd og innleiðingu laganna.

## 2. Samráð við hagsmunaaðila

Samorka bendir til að byrja með á að takmarkað samráð var haft við atvinnulíf og hagsmunaaðila við undirbúning frumvarpsins, þrátt fyrir að frumvarpið varði mjög víðtæka og fjárhagslega þýðingarmikla hagsmuni, bæði hjá orkufyrirtækjum, veitufyrirtækjum og sveitarfélögum.

Þá gerir Samorka athugasemd við að verulega sé dregið úr samráði við hagsmunaaðila í tengslum við stjórnsýslu vatnamála frá því sem er í núverandi lögum.

Þannig er til að mynda takmarkað hverjir hafa aðkomu að vatnasvæðisnefnd frá því sem nú er. Í frumvarpinu er nú einungis gert ráð fyrir fulltrúum sveitarfélaga, heilbrigðiseftirlits og Umhverfis- og orkustofnunar. Í nágildandi lögum (8. gr.) kemur fram að aðrir fulltrúar geti átt sæti í nefndinni, svo sem frá fagstofnunum og hagsmunaaðilum. Þá er dregið úr hlutverki og þar með vægi vatnasvæðisnefnda.

Sama er uppi á teningnum varðandi ráðgjafarnefndir, sem samkvæmt nágildandi lögum eru tvær; ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila og ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila. Ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila er lögð niður og í frumvarpinu kemur inn nýtt ákvæði í 10. gr. sem kveður á um að *ráðherra sé heimilt* að skipa samráðsvettvang Umhverfis- og orkustofnunar, hagaðila og félagsamtaka til að veita gagnkvæmar upplýsingar og ráðgjöf varðandi málefni sem varða framkvæmd laga þessara. Þá er felld út að ráðgjafarnefnd hafi sér til aðstoðar starfsmann sem Umhverfis- og orkustofnun leggur til. Þannig er í frumvarpinu lagt til að verulega sé dregið úr samráði við atvinnulíf og hagsmunaaðila frá því sem nú er.

Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að benda á að framfylgd nágildandi 9. gr. um ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila hefur ekki gengið eftir í framkvæmd. Þannig hefur ráðgjafarnefndin ekki komið saman síðan árið 2019. Í stað þess að leggja ráðgjafarnefndina niður og draga úr vægi samráðs telur Samorka ákjósanlegra að fylgt verði eftir markmiðum nágildandi laga um öflugt og gott samráð fyrir atvinnulíf og hagsmunaaðila.

Vatnatilskipun Evrópusambandsins (2000/60/EB) byggir á þeirri grundvallarhugmynd að vernd og stjórnun vatnsauðlinda verði ekki framkvæmd með árangri nema með virku samráði við þá sem nýta vatn og bera ábyrgð á innviðum og þjónustu. Þetta kemur skýrt fram í 14. gr. tilskipunarinnar og í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar ESB (CIS Guidance), þar sem lögð er áhersla á að *samráð sé ekki formsatriði, heldur efnislegur þáttur í ákvarðanatöku*.

Reynsla Samorku af Vatnaáætlun Íslands 2022–2027 sýnir hins vegar að samráð hafi verið takmarkað, ómarkvisst og í reynd ekki í samræmi við þær kröfur sem tilskipunin gerir. Samráðsnefnd hagsmunaaðila var ekki virk stóran hluta tímabilsins og skortur var á gagnsæi um hvernig tekið var tillit til sjónarmiða atvinnulífs. Frumvarpið bregst ekki við þessari reynslu heldur dregur enn frekar úr formlegum kröfum til samráðs.

Samorka telur mikilvægt að tryggt verði, bæði í löggjöf og framkvæmd, að kröfur tilskipunarinnar um samráð við atvinnulíf og hagsmunaaðila séu uppfylltar.

### 3. Óljós ábyrgð vegna umhverfismarkmiða vatnshlota

Í 4. mgr. 12. gr. frumvarpsins kemur inn nýtt ákvæði sem segir „Skal sá er veldur því að umhverfismarkmið næst ekki og/eða veldur hnignun á ástandi vatnshlota bera ábyrgð og kostnað sem hlýst af því.“

Þetta ákvæði um bótaábyrgð á sér enga stoð í tilskipuninni og virðist í grunninn ekki í samræmi við meginreglur tilskipunarinnar. Í tilskipuninni er skyldur lagðar á ríki um umhverfismarkmið, vatnaáætlanir og aðgerðaráætlanir og efnahagslega greiningu, en engar beinar fjárhagslegar skyldur eða ábyrgð eru lagðar á einstaklinga eða lögaðila. *Tilskipunin gerir enga kröfu um slíkt.*

Í ákvæðinu virðist felast einhvers konar hlutlæg bótaábyrgð sem tengir einstakan aðila við það að umhverfismarkmið næst ekki og/eða hnignun vatnshlota. Í þessu felst umfangsmikil efnisleg breyting frá gildandi rétti sem byggir ekki á vatnatilskipuninni.

Þá verður ekki séð að ákvæðið byggist að einhverju leyti á mengunarbótareglunni (e. polluter pays) þar sem sú regla krefst orsakatengsla, afmörkunar tjóns og meðalhófs – sem að engu leyti er vísað til í framangreindu ákvæði.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til 2. tl. 3. gr. laga um umhverfisábyrgð nr. 55/2012 þar sem fjallað er um tjón á vatni. Sú tilskipun fjallar um umhverfistjón af völdum atvinnustarfsemi þar sem tjónið er afmarkað, nauðsynlegt er að sýna fram á orsakatengsl og lagt er til grundvallar mismunandi stig saknæmis eftir því hvert verndarandlagið er. *Þannig eru ekki bein tengsl á milli vatnatilskipunarinnar og laga um umhverfisábyrgð og óljóst hvernig tilvísun til þeirra laga á að útskýra ákvæðið í 4. mgr. 12. gr. frumvarpsins.*

**Samorka leggur til að ákvæðið verði felld úr frumvarpinu.**

### 4. Skortur á samræmi við þróun evrópskrar löggjafar – grænar orkuframkvæmdir og brýnir almannahagsmunir

Vatnatilskipun Evrópusambandsins er upphaflega frá árinu 2000 og hafa verið gerðar breytingar á henni nokkrum sinnum síðan þá, síðast árið 2014. Vatnatilskipunin hefur þó ekki sætt heildarendurskoðun frá því að hún var samþykkt árið 2000. Þrátt fyrir verulega reynslu í framkvæmd, dómaframkvæmd og grundvallarbreytingar í orku- og loftslagsrétti Evrópusambandsins hefur kjarni tilskipunarinnar staðið óbreyttur í rúma tvo áratugi. Í framkvæmd hefur verið brugðist við annmörkum á vatnatilskipuninni með leiðbeiningum, túlkun og nýrri sértækri löggjöf, svo sem RED II og RED III<sup>1</sup> fremur en með breytingum á tilskipuninni sjálfri. Samorka leggur áherslu á að við endurskoðun íslensku löggjafarinnar sé tekið tillit til þeirra aðlagana og breytinga sem orðið hafa í framkvæmd og með innleiðingu á RED II og RED III.

Er þetta ekki síst mikilvægt í því ljósi að þau ákvæði sem hér er nauðsynlegt að horfa til eru þau ákvæði núgildandi laga sem valdið hafa hvað mestu vandkvæðum í framkvæmd. Vísast hér til dómsmála um virkjunarleyfi Hvammsvirkjunar, þar sem felld var úr gildi virkjunarleyfi á grundvelli þess að þágildandi a-liður 1. mgr. 18. gr. laga um stjórn vatnamála var túlkaður þannig að girt hafi verið fyrir að vatnshloti

<sup>1</sup> Renewable Energy Directive ESB 2018/2001 (REDII) og Renewable Energy Directive 2023/2413 (REDIII)

yrði breytt vegna áhrifa af framkvæmdum við að reisa vatnsaflsvirkjun. Í framhaldi af því var lögnum breytt með lögum nr. 42/2025. Aftur eru nú gerðar breytingar á umræddu lagakvæði með 19. gr. frumvarpsins.

Ljóst er að óvönduð lagasetning, ónákvæm innleiðing á tilskipuninni og sú staðreynd að ekki hafi verið gerðar nauðsynlegar breytingar á löggjöfnni í samræmi við réttarþróun í Evrópu hafa valdið gríðarlegu tjóni, bæði fyrir Landsvirkjun beint en einnig óbeint fyrir efnahagslíf og raforkuöryggi samfélagsins.

Með samþykkt RED II og síðar RED III hefur Evrópusambandið markað skýra stefnu um að orkuskipti og uppbygging endurnýjanlegrar orku *séu brýnir almannahagsmunir*. RED III kveður beinlínis á um að framleiðsla endurnýjanlegrar orku, uppbygging tengdra innviða og orkutengd verkefni skuli teljast í þágu brýnna almannahagsmuna, þegar slíkt mat fer fram m.a. á grundvelli 7. mgr. 4. gr. vatnatilskipunarinnar.

Í 19. gr. frumvarpsins er innleidd, nánast orðrétt, 7. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar sem fjallar um að tiltekna framkvæmdir fari ekki gegn umhverfismarkmiðum að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Í 2. mgr. eru talin þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt og þar segir í b-lið að *ástæður breytinganna varði brýna almannahagsmuni...*

Með 16. gr. (f) í RED III er innleidd skýr túlkunarregla á 7. mgr. 4. gr. vatnatilskipunarinnar.

Samorka telur verulega annmarka á frumvarpinu að þessi þróun í Evrópurétti sé hvorki greind né tekin inn í frumvarpið. Með því er hætta á að íslensk framkvæmd verði stífari og meira íþyngjandi en sú sem tíðkast annars staðar á EES-svæðinu, með *neikvæðum áhrifum á samkeppnishæfni og orkuskipti*.

Meginþungi í innleiðingu vatnatilskipunarinnar birtist í framkvæmd hennar og stjórnsýslu. Þannig skiptir það höfuðmáli að alþingi setji skýrt fram til hvaða hagsmuna eigi að horfa við túlkun og framkvæmd laganna.

## 5. Nákvæmni í innleiðingu - skilgreiningar, tengsl vatnaáætlunar og jarðhitavinnslu

Samorka bendir á að gæta þarf betur að skilgreiningum í frumvarpinu og að skilgreiningar séu í samræmi við vatnatilskipunina. Óljósar skilgreiningar og of víðtækar skilgreiningar geta leitt til vandkvæða í stjórnsýslu, við veitingu leyfa og við eftirfylgd og framkvæmd laganna. Þannig er mikilvægt að skilgreiningar séu eins og frekast er unnt eins í lögnum og í tilskipuninni og að aldrei sé gengið lengra við innleiðingu tilskipunarinnar en nauðsynlegt er. Verður hér sérstaklega vikið að skilgreiningum á vatni og vatnshloti sem geta haft áhrif á hversu víðtækt gildissvið laganna verður, meðal annars með tilliti til jarðhitavinnslu.

Jarðhitavinnsla er einn af hornsteinum íslensks orkukerfis. Samorka telur mikilvægt að gætt verði að því í skilgreiningum og allri framkvæmd á grundvelli laganna að ekki verði gengið lengra í því að afmarka grunnvatnshlot en nauðsynlegt er.

Hér má t.d. benda á að í 1. gr. segir að markmið laganna sé *að vernda vatn og vistkerfi þess til þess að bæði yfirborðsvatn og grunnvatn njóti heildstæðrar verndar. Koma skal í veg fyrir hnignun á ástandi vatns og styrkja og endurheimta vatnshlot og vatnavistkerfi. Jafnframt er lögnum ætlað að tryggja*

*sjálfbæra nýtingu yfirborðsvatns og grunnvatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar þannig að jafnvægi sé milli vatnstöku og endurnýjunar.*

Þá er vatnshlot skilgreint sem *landfræðilega afmörkuð eining vatns, svo sem allt það vatn sem er að finna í einu stöðuvatni, hluta straumvatns eða strandsjávar. Sett eru umhverfismarkmið fyrir hvert vatnshlot.*

Þá er felld á brott úr nógildandi lögum skilgreining á vatni sem nú er skilgreint í 10. tl. 3. gr. sem: Grunnvatn og yfirborðsvatn.

Vatnatilskipunin er skýrt afmörkuð við vernd grunnvatns og yfirborðsvatns og mikilvægt að tekinn sé af allur vafi um það í íslensku lögunum að þeim sé ekki ætlað að vernda annað vatn en yfirborðsvatn og grunnvatn. Með því að fella á brott skilgreiningu á vatni sem „grunnvatn og yfirborðsvatn“ eins og er í nógildandi lögum er opnað á það að með „vatni“ sé átt við eitthvað annað og meira en bara grunnvatn og yfirborðsvatn. Getur þetta valdið vandkvæðum við túlkun laganna þar sem það skapast innbyrðis ósamræmi í þeim. Mikilvægt er að fara ítarlega yfir öll ákvæði laganna þar sem vísað er til vatns og gætt að því að í því felist ekki víðari skírskotun en mörkuð er með skilgreiningu á gildissviði í 2. gr. og í vatnatilskipuninni sjálfri.

Á sama grundvelli er mikilvægt að horfa sérstaklega á hvort skilgreining á „grunnvatni“ sé of víðtæk sé tekið mið af skilgreiningunni í tilskipuninni.

| Grunnvatn samkvæmt frumvarpinu<br>(og nógildandi lögum)                                                                                            | Grunnvatn samkvæmt tilskipuninni                                                                             |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Vatn, kalt eða heitt, sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi | Allt vatn undir yfirborði jarðar í gegnmettaða laginu og í beinni snertingu við landið eða jarðvegsgrunninn. |

Vert er að skoða hér sérstaklega hvort hugtaksskilgreiningin í tilskipuninni um að vatn sé í beinni snertingu við landið eða jarðvegsgrunninn sé ekki þrengri en sú skilgreining sem birtist í íslensku lögunum og frumvarpinu. Sama má segja um tilvísun til „kalds eða heits vatns“ sem á sér ekki fyrirmynd í tilskipuninni.

Þá er í vatnatilskipuninni ekki sérstök skilgreining á vatnshloti heldur eru skilgreind yfirborðsvatnshlot og grunnvatnshlot og vísað til þeirra í sitt hvoru lagi eða saman, eftir því sem við á. Það væri þannig í betra samræmi við tilskipunina að annað hvort sleppa því að skilgreina vatnshlot eða skilgreina vatnshlot einfaldlega sem „grunnvatnshlot og yfirborðsvatnshlot“ – önnur skilgreining en þessi vekur upp spurningar um hvort með vatnshloti sé átt við eitthvað annað en „grunnvatnshlot og yfirborðsvatnshlot“.

Eru framangreindar athugasemdir settar fram sem dæmi um ónákvæmar skilgreiningar sem geta orðið til þess að gildissvið laganna verði meira og víðtækara en ætlunin er samkvæmt tilskipuninni. Samorka leggur áherslu á að skilgreiningar verði rýndar með þetta að leiðarljósi og með sérstakri áherslu á að vatnatilskipun nái ekki til jarðhitanýtingar umfram það sem nauðsynlegt er samkvæmt tilskipuninni.

Í þessu samhengi má einnig benda á að í Bráðabirgðayfirliti vatnaáætlunar 2028-2033 er horft til þess að skilgreina jarðhitahlot. Með hliðsjón af framangreindu er mikilvægt að ekki verði skilgreind sérstök „jarðhitahlot“ að því marki sem þau kunna að falla utan gildissviðs vatnatilskipunar.

## 6. Endurskoðun nýtingar- og virkjunarleyfa eftir 16 ár

Í 35. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á öðrum lögum. Þar er meðal annars að finna breytingartillögur við lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og raforkulögum.

Lagðar eru til sams konar breytingar á báðum lögum, þar sem annars vegar er kemur viðbót við löginn um að heimilt sé að gefa út nýtingarleyfi eða virkjunarleyfi til tiltekins tíma og hins vegar að endurskoða skuli slíka leyfi reglulega, a.m.k. á 16 ára fresti.

Í fyrsta lagi er vert að taka fram að í báðum þessum lögum er nú þegar ákvæði sem kveður á um að heimilt sé að endurskoða leyfi ef sýnt er fram á að umhverfismarkmið samkvæmt lögum um stjórn vatnamála náist ekki, sjá 2. mgr. 17. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og 3. mgr. 6. gr. raforkulaga. Er þessum ákvæðum ætlað að innleiða kröfur sem gerðar eru í vatnatilskipuninni. Engar ríkari kröfur eru gerðar í tilskipuninni um að leyfi þurfi að endurskoða með reglubundnum hætti eða tímabinda.

Í öðru lagi er hér lögð til lagabreyting um að endurskoða eigi virkjunarleyfi og nýtingarleyfi reglulega, a.m.k. á 16 ára fresti sem á sér enga stoð í vatnatilskipuninni og mundi vega með alvarlegum hætti að rekstrarumhverfi leyfishafa samkvæmt þessum lögum, bæði í jarðvarma og vatnsafl.

Takmörkun gildistíma virkjunarleyfa og nýtingarleyfa, eða sjálfvirk og reglubundin endurskoðun þeirra, getur haft veruleg og neikvæð áhrif á bæði fjárfestingaröryggi og umhverfisárangur vatnsaflsvirkjana til lengri tíma. Vatnsaflsvirkjanir eru langtímamannvirki með mjög háan stofnkostnað og langan tæknilegan líftíma, jafnvel 80-100 ár eða lengur. Forsenda þess að slíkar framkvæmdir standi undir fjárfestingu og stöðugum umbótum er skýrt, stöðugt og fyrirsjáanlegt leyfisumhverfi til langs tíma. Frá hagfræðilegu sjónarmiði leiðir leyfisóvissa jafnframt til aukins fjármagnskostnaðar. Fjárfestar og lánveitendur gera ríkari kröfur um áhættuálag þegar framtíð rekstrar er ófyrirsjáanleg, sem hækkar kostnað við fjármögnun og getur haft áhrif á samkeppnishæfni og getu orkufyrirtækja til að bjóða samkeppnishæf verð og standa undir samfélagslegum og umhverfislegum skyldum.

Þá geta ákvæði um reglulega endurskoðun leyfa haft áhrif langt út fyrir einstaka virkjun. Vatnsaflsnýting gegnir lykilhlutverki í raforkukerfinu og mun það hlutverk fara vaxandi með aukinni hlutdeild breytilegra orkugjafa, þar sem það veitir sveigjanleika og varafl sem er nauðsynleg fyrir orkuöryggi og orkuskipti. Skertur fyrirsjáanleiki í leyfismálum getur þannig grafið undan getu kerfisins í heild til að styðja við orkuskipti, aukið þörf fyrir dýrari varalausnir og í sumum tilvikum leitt til aukinnar notkunar jarðefnaeldsneytis.

Með hliðsjón af framangreindu telur Samorka að almenn takmörkun á gildistíma virkjunarleyfa og nýtingarleyfa, eða sjálfvirk endurskoðun þeirra, sé hvorki í samræmi við kröfur vatnatilskipunarinnar né hagkvæm leið til að ná markmiðum hennar. Slík nálgun getur leitt til aukins kostnaðar, minni fjárfestinga í umhverfisumbótum og lakari langtímaárangurs, bæði fyrir umhverfi og samfélag.

## 7. Skortur á áhrifamati

Samorka gerir athugasemd við að frumvarpið sé lagt fram án heildstæðs áhrifamats á fjárhagslegar afleiðingar fyrir ríkið, sveitarfélög, veitufyrirtæki og orkufyrirtæki.

Án skýrrar greiningar á kostnaði og áhrifum á gjaldskrár er óljóst hver áhrifin verða af innleiðingu vatnatilskipunarinnar að fullu.

## 8. Samantekt

Samorka telur að frumvarpið feli í sér mikilvægar breytingar á regluverki vatnamála, en alvarlegir annmarkar eru á því hvað varðar samráð, áhrifamat, samþættingu við evrópska orku- og loftslagslöggjöf, of víðtækt gildissvið laganna og réttaröryggi leyfishafa.

Samorka hvetur eindregið til þess að frumvarpið verði endurskoðað með þessi sjónarmiðum í huga og lýsir sig reiðubúna samstarfs við stjórnvöld um nauðsynlegar aðlaganir og endurbætur á frumvarpinu.

Samorka hvetur stjórnvöld til að standa við áform sín um að einfalda umhverfi leyfisveitinga og tryggja uppbyggingu í orku sem grundvöll orkuskipta, atvinnu- og byggðaðróunar, en *hætt er við að ýmis ákvæði frumvarpsins vinni beinlínis gegn þeim markmiðum.*

Samorka áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum við frumvarpið á síðari stigum og vísar jafnframt að öðru leyti til athugasemda aðildarfyrirtækja sinna og umsagnar Samtaka atvinnulífsins.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur